

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	30.1.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar hjá Orkugerðinni ehf. eftir breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1. júlí sl. Eftirlitið var áður í umsjón Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Um var að ræða fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendinga sem stofnuninni hafði borist vegna ólyktar og frágangs á lóðinni. Við eftirlit komu fram 5 frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar hjá Orkugerðinni ehf., eftir breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1. júlí sl. Eftirlitið var áður í umsjón Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Um var að ræða fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendinga sem stofnuninni hafði borist vegna ólyktar og frágangs á lóðinni.

Umhverfisstofnun fékk ábendingar um að ólykt hefði borist frá verksmiðjunni dagana 9. 16. 18. og 19. Janúar sl. Einnig bárust myndir sem teknar voru á lóð verksmiðjunnar. Eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar fundaði með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands áður en eftirlit fór fram og fékk stöðu á síðustu athugasemdum og eftirfylgni vegna eftirlita sem höfðu farið fram árið 2017. Í bréfi dags. 3. júlí 2016 voru eftirfarandi atriði í eftirfylgni:

1. Ganga þarf frá affalli gufu við norðurhlið verksmiðjunnar.
2. Fita og vökvi hefur flætt út fyrir girðingu/lóð norðvestan við verksmiðjuhúsið sem þarf að hreinsa upp. Jafnframt þarf að ganga þannig frá fráveitu á lóð að fráveituvatn hvorki safnist fyrir á yfirborði né flæði út fyrir lóðarmörk.

Farið var yfir aðstæður inn í verksmiðjunni en vatn hafði lekið á stöku stað á gólfi ásamt fituleka frá vinnslu. Við þetta hafði myndast gróður eða sveppir á gólfi vegna óhreinleika. Norðanmegin við verksmiðjuna átti enn eftir að ganga frá affalli við gufu, ásamt því að vökvi og fita flæddi frá verksmiðjunni. Ekki var hægt að sjá hvort hreinsað fita og vökvi hefðu verið hreinsuð upp fyrir utan lóðarmörk þar sem jörðin var snævi þakin. Sunnan megin við verksmiðjuna var úrgangur í körum en vegna veðurskilyrða var úrgangurinn frosinn í kerunum og skv. rekstraraðila var ráðgert að fjarlægja hann þegar tæki að þiðna.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 2.1 í starfsleyfisskilyrðum	Allt hráefni, alla unna vöru, svo og allan úrgang, skal geyma innan dyra verksmiðjunnar.

grein 2.17 í starfsleyfisskilyrðum	Verksmiðjunni er skylt að sjá um að við útrás sé ekki set eða útfellingar, þekjur af rotverum, olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi.
------------------------------------	---

grein 2.3 í starfsleyfisskilyrðum

Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegu í samræmi við kröfur starfsleyfis. Umgengni innandyra, þar sem gróður hefur myndast í úrgangi er með öllu ófullnægjandi og frágangi á lóð er ábótavant bæði norðan og sunnan megin við verksmiðju.

grein 2.10 í starfsleyfisskilyrðum

Öll lyktarmengun er óheimil og skal vinna hráefni jafnóðum og það berst til verksmiðjunnar og beita skal tæknilegum lausnum gegn lyktarmengun. Í eftirlitinu kom fram að dregist hafði að vinna úr efni vegna bilunar og hreinsun á efni sem fast var í vinnslu stóð fram til 25. janúar sl. Rekstraraðili átti ekki von á að frekari lyktarmengun bærist frá verksmiðjunni og mun stofnunin fylgja frávikinum eftir í eftirlitum.

grein 2.10 í starfsleyfisskilyrðum

Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur haldist hreinn. Frágangur fyrir affall á gufu norðan megin á verksmiðjunni er enn ábótavant og óhreinindi virðast myndast við opið.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðila er bent á að sækja um endurnýjun á starfsleyfi en núverandi starfsleyfi gildir til 27. febrúar 2019. Hægt er að fá nánari upplýsingar um ferlið með því að senda tölvupóst á ust@ust.is.

Tæma þarf fitugildirur austan megin við verksmiðjuna.

ANNAÐ

Með í eftirlitinu var Stella Hrönn Jóhannsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Reykjavík, 23.03.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Einar Halldórsson